

ÍVAR VALGARÐSSON

Menningarmálanefnd Reykjavíkurborgar samþykkti á síðasta ári að efna til sýningar á verkum myndhöggvarans Ívars Valgardssonar, sem er einn úr hópi okkar fremstu listamanna af yngri kynslóðinni. Hann hefur tileinkað sér það tjáningarform sem kennt er við „minimal“ — og hugmyndalist og hefur með því gætt höggmyndalistina nýjum forsendum. Hann fyllir hóp þeirra myndlistarmanna nútímans sem hanna verk sín sjálfir en fá aðra í lið með sér til framleiðslunnar. Verkin vitna því ekki fyrst og fremst um persónulega tjáningu. Útfærslan verður fremur vitsmunaleg en tilfinningaleg. Það er Menningarmálanefnd Reykjavíkurborgar bæði ánægja og heiður að fá tækifæri til að standa að þessari sýningu hér á Kjarvalsstöðum og bjóða gestum staðarins að njóta.

Hulda Valtýsdóttir,  
formaður Menningarmálanefndar.

The Cultural Committee of the City of Reykjavik agreed last year to arrange an exhibition of the works of sculptor Ívar Valgardsson, one of Iceland's foremost young artists. He has adopted the approaches of Minimalism or Concept Art to create a new point of departure for sculpture, and belongs to the group of modern artists who design their works themselves but use ready-made objects. Personal expression is therefore not the primary effect of these works, which are created more through the application of the intellect than of the senses. It is both a pleasure and an honour for the Cultural Committee of the City of Reykjavik to have the opportunity to organize this exhibition at Kjarvalsstaðir and invite the public to enjoy the works on show.

Hulda Valtýsdóttir,  
Chairman, Cultural Committee of the City of Reykjavik

# EÐLI HLUTANNA

Gunnar B. Kvaran

Þegar áhorfendur koma til móts við listaverk Ívars Valgarðssonar er vert að hafa í huga gang listasögunnar, og þá kannski sérstaklega sögu höggmyndalistarinnar síðastliðna áratugi, og sjá m. a. hvernig liststefnur á borð við minimalismann og conceptið hafa breytt hugmyndum manna um listina.

Það virtist fremur sakleysislegt í fyrstu þegar myndhöggvarar á 7. áratugnum tóku sökkulinn undan höggmyndinni og settu hana beint á jörðina eða gólfíð, jafnvel lárétta, en fram að þeim tíma hafði höggmyndalistin fyrst og fremst snúist um lóðrétt form. Í raun var þetta afdrifarikt fyrir höggmyndalistina, því þar með voru myndlistarmenn að brjóta upp hefðbundna rýmisskiptingu milli skúlptúrsins og áhorfandans. Tengsl áhorfandans við listhlutinn voru nú ekki einvörðungu sjónræn, heldur tilvistarleg, þar sem áhorfandinn var orðinn tilfinninga- og líkamlegur hluti af listaverkinu. Einföld form, efni og ópersónulegur frágangur var sóttur í iðnaðinn til þess að listhluturinn vitnaði á engan hátt um persónulega nálægð listamannsins.

Conceptlistamenn voru hins vegar hvorki uppteknir af fagurfræð, né rýmislegum hugmyndum minimalismans. Þeir beindu augum manna umfram allt að merkingarmyndun og virkni listaverksins. Í henni fólst

ávallt sjálfvirk skilgreining sem kom í veg fyrir að áhorfendur væru skildir eftir með lausa enda, möguleika til að túlka eða ráða í listina. Verkin töluðu sínu máli. Listaverkið gekk upp líkt og jafna — listræn jafna. Ekkert fór fyrir tjáningu listamannsins né fagurfræðilegum hugleiðingum. Listamaðurinn var því lítt sjáanlegur í verkinu, heldur stóð hann utan við það sem hugmyndasmiður.

Ívar Valgarðsson var einn af þeim listamönnum sem stóð í miðri hringiðunni í byrjun áttunda áratugarins. Hann hóf óvenju snemma nám við Myndlista- og handiðaskóla Íslands, aðeins 16 ára að aldri. Og þótt hann þætti gæddur afburða tæknilegum hæfileikum í skóla varð útfærslan fljótt verulegt aukaatriði. Hann hreifst því meir af fyrirlesturum í formfræði og drakk í sig hinar nýstárlegustu listhugmyndir, sem myndhöggvarinn Jón Gunnar Árnason miðlaði nemendum sínum. Á áttunda áratugnum var Ívar enn fremur við nám í Hollandi, þar sem hann gat flett upp í listasögunni, skoðað nýja möguleika og leitað eigin jafnvægis við listina. Þetta var þó fyrst og fremst tími hugleiðslu. Hann beið eftir færi til að gera upp hug sinn. Það má því segja að Ívar hafi komið fram sem fullþroska listamaður á fyrstu sýningu sinni í Reykjavík árið 1980. Þó svo að myndverkin frá þeirri sýningu beri með sér greinileg tengsl við conceptlistina, þar sem hann skráir náttúruleg fyrirbæri með ljósmyndum,

Þá er augljóst að formrænar forsendur og upplifun hans á rýminu stýra að stórum hluta gjörðum hans. Hann raðar ljósmyndum af yfirborði streymandi ár upp á geometrískan hátt, beinar línur og ferhyrninga. Kvikur vatnsflöturinn er stöðvaður, bútaður niður og endurbyggður í rými sýningarsalarins sem geometrísk form. Í sementsskúlptúrum listamannsins nokkrum árum seinna er sama upp á teningnum. Í skýrum og afgerandi formum er falin skrift, næsta ósjálfráð, líkt og rödd náttúrunnar. Í stórum olluverkum, sem hann gerir ári síðar, liggur forsendan enn fremur í náttúrunni, þar sem hann stillir saman ljósmyndum af landslagi og geometrískri einföldun á myndefninu. Á sýningu í Norrænu listamiðstöðinni í Sveaborg árið 1990 vinnur Ívar með náttúruleg efni: tilsniðnar tréplötur (geometrísk form) sem eru þvingaðar saman. Og í verkinu Gori, Gori, Gori raðar hann upp fótum með fúavarnarefni.



Hnoðkítli / Putty 1991

Það er ljóst að verk Ívars hafa ávallt til að bera skýrar forsendur, inntak þar sem meginsteifið er endurtekið í sífellu með nýjum og nýjum formrænum hætti. Á hverjum tíma hefur list hann fjallað um þessa óumflýjanlegu árekstra milli náttúru og menningar, þar sem listamaðurinn leggur sig fram við að hlutleysa (neutralisera) náttúruna, gera hana óvirka, stöðva framgang hennar. Fljótið er stöðvað. Þvingurnar halda lifandi trénu í skefjum. Fúavarnarefnið stöðvar framrás náttúrunnar. Listamaðurinn gengur aldrei inn í náttúruna, verður aldrei hluti af henni. Í raun finnur áhorfandinn á áhrifamikinn hátt hvernig tíminn hefur verið stöðvaður í menningarlegu rými, myndmáli listamannsins, sem takmarkast af hugmyndinni, vali á hráefni og uppröðun í rýminu, því listamaðurinn hvorki hagnar hlutina né teiknar formin. Hann á ekkert í sjálfri formskriftinni.

Rýmið er og hefur ávallt verið afgerandi í listsköpun Ívars. Rými, sem er ekki aðeins negatífur hluti myndverksins, heldur sameiginlegt tilvistarrými listaverksins og áhorfandans, þar sem monumental gildi höggmyndarinnar hefur verið leyst upp. Í þessu rými býr veröld listamannsins, þar sem allt er gert "til að losna undan trúar-, sögu-, og listmýtum fortíðarinnar og þess í stað er byggt á náttúrulegu eðli hlutanna", eins og listamaðurinn orðar það sjálfur.

Að þessu sinni býður listamaðurinn okkur að sjá installation — sýningu — sem er sett saman úr byggingarefni: hvít málning-málningadósir, hefluð fura, krossviður, hnoðkítli, gangstéttarhellur og einangrunarplast. Þessu efni er á engan hátt umbreytt. Því er aðeins raðað upp samkvæmt

ákvörðun listamannsins. Í þessu verki gengur listamaðurinn lengra en nokkru sinni fyrr í afstöðu sinni til listhlutarins. Hann hvorki hannar né skapar hluti/form, heldur aðeins velur hluti sem þegar eru til — þekkt byggingarefni — rífur það úr hefðbundnu samhengi, raðar þeim upp og gefur þeim nýja merkingu. Innlegg listamannsins — sköpunin — felst því einvörðungu í vali á hráefni, uppröðuninni/endurtekningunni og afstöðu hlutanna í rýminu. Ekkert er gert til að setja það í listrænan búning í hefðbundnum skilningi. Það aðeins talar sínu máli, í ákveðinn tíma og síðan leyst upp.

Þó svo að þessi installation — innsetning — sé ákveðin viðræða við listasöguna (ready-made, rými minimalismans, merkingarleg tæming conceptlistarinnar) þá hafa þessir hlutir/efni skýr hugtengsl fyrir áhorfendur sem listamaðurinn leikur sér með á tvíræðan hátt. Þrátt fyrir að listin virðist standa hér á núllpunkti sköpunarinnar, þá verður ekki undan því komist að þetta listaverk samanstendur af hlutum/táknum, sem ala af sér ákveðna frásögn. Þetta er byggingarefni/listaverk (uppbyggjandi) sem vísar inn í það sem verður, nýsköpunina, það að brjóta nýjar leiðir, jafnframt því sem þetta tvíræða hugtak hefur til að bera afgerandi siðrænan boðskap.

# DE RERUM NATURA

Gunnar B. Kvaran

Some insight into recent art history, and especially the history of sculpture, is a valuable asset for coming to terms with the work of Ívar Valgardsson, to see how movements such as Minimalism and Concept Art have changed the way we see art.


Initially it seemed a fairly innocent step on the part of sculptors in the 1960s to remove the sculpture from its pedestal and place it directly on the ground or the floor; until then, sculpture had involved vertical forms. In fact this move had a powerful impact on the course which sculpture would later take, by breaking up the traditional spatial division between the work and the beholder. By becoming an emotional and physical extension of the work itself, the beholder's relationship with it was now not only visual but existential as well. Simple forms, materials and impersonal finishing were borrowed from industry in order to remove from the art object all trace of the personal presence of the artist.

Concept Artists, on the other hand, were not preoccupied with the aesthetic and spatial concepts of minimalism. Above all, they drew attention to the formation of meaning and the active character of the work of art. This always implied an automatic definition which prevented the beholder being left with unresolved possibilities for interpreting or

reading it. A work of art spoke for itself. Artistically, it balanced, like an equation - an artistic equation. The artist's expression and aesthetic speculations did not intrude. He was scarcely visible in the work, but stood outside it as its conceiver.

Ívar Valgardsson was one of the artists at the centre of this maelstrom in the early 1970s. He was admitted to the Icelandic College of Art and Handicrafts at the exceptionally early age of 16, and despite unusual technical talents was soon to relegate the execution of his works to secondary importance. Instead he became all the more inspired by lectures on the theory of form, absorbing the varied and complex artistic ideas which sculptor Jón Gunnar Árnason mediated to his students. The 1970s also saw Valgardsson studying in the Netherlands where he was able to delve into the history of art, examine new possibilities and find his own artistic equilibrium. Above all, however, it was a time of contemplation for him, as he waited for the opportunity to commit himself. As a result Valgardsson appeared to all intents and purposes as a mature artist at his debut exhibition in Reykjavik in 1980. Although the works he showed there reveal clear connections with Concept Art in his use of photography to record natural phenomena, it is quite apparent that he was also governed to a large extent by formal premises and spatial insights. His

photographs of the surface of a flowing river are geometrically arranged using straight lines or rectangles. The moving surface of the water is halted, segmented and reassembled in the space of the exhibition hall as geometric forms. The same process can be seen in the artist's



Tvöföld einangrun / Double insulation 1991

cement sculptures several years later. Sharp and decisive forms conceal almost automatic writing, like the voice of nature. The large oil paintings which he executes the following year are still posited on nature, with landscape photographs alongside geometric simplifications of their subjects. At his 1990 exhibition at the Nordic Art Centre in Sveaborg, Finland, Valgardsson worked in natural materials: shaped wooden boards, geometric forms which are clamped together. And his Gori, Gori, Gori is an arrangement of cans of preservative.

Valgardsson's works are always based on clear premises, a central concept whose main theme is continually restated in ever new formal variations. At all stages in his career, his art has addressed the inevitable clash of nature and culture, in which the artist strives to neutralize nature, deactivate it and arrest its advance. The river is halted; clamps constrain the living wood; preservative checks nature's onward march. The artist never integrates himself into nature, never becomes part of it. What the beholder of the work experiences strongly is time being stopped in cultural space, in the artist's pictorial language which is constrained by the concept, choice of material and spatial arrangement; for the artist neither designs the objects nor draws the forms. The formal precepts of the work are none of his making.

Space is and always has been a decisive element in Valgardsson's art, not only as the negative image of the work itself, but also the common space in which the work and its beholder exist, devoid of the monumental

value of the sculpture. This is the space which the world of the artist inhabits, where everything contrives to "Break out of the religious, historical and artistic myths of the past and build instead upon the natural quality of objects," to quote the artist's own words.

At the present exhibition, Ívar Valgardsson invites us to look at an installation created from building materials: white paint, cans of white paint, planed pine, plywood, putty, paving stones and plastic insulation. These materials are in no way transformed, simply arranged at the artist's discretion. In this work, he takes his attitude towards art objects further than ever. Neither designing nor creating the forms/objects, he simply selects existing objects - familiar building materials - and tears them out of their conventional context, rearranging them to give them new significance. The artist's contribution - his creation- therefore involves only the selection of material and arrangement/repetition, and the spacial positions of the objects. Nothing is done to clothe the work in "artistic" guises in the conventional sense. It merely speaks for itself for a certain time and is then dissolved.

Despite this installation is a definite dialogue with art history (ready-made, Minimalist space, the semiotic exhaustion of Concept Art), the objects/materials have clear connotations for the beholder of the work, with which the artist makes ambiguous play. Even though art appears to be at zero degree, there is no avoiding the fact that the work comprises object-symbols which beget a definite narrative. This arrangement of

building materials is quite literally a constructive work, pointing to that which is still unmade, innovative creation, the breaking of new ground, besides the decisive moral message of such an ambiguous concept.



Gori, Gori, Gori,

Gori fúavamarefni, þrjú litir / Gori preservative, three colours 1990

Án titils / Untitled

Einangrunarplast, krossviður, þvingur / Plastic insulation, plywood, clamps 1990

Gallery Augusta, Sveaborg 1990



## VIÐHORF / STANDPOINT

Ivar Valgarðsson

Allt viðhorf mitt mótast af áþreifanlegu umhverfi.

Allt efni hefur skilgetið hlutverk.

Allir litir og form hafa beina skírskotun í raunveruleikann og eiga uppruna sinn þar.

Verk mín eru úr tilbúnum efniseiningum sem hafa eingöngu vísanir til eigin eðlis og veruleika.

Formgerð og uppröðun ræðst af þeim hugmyndum sem ég geri mér um slík efni. Endurtekning er áhersluauki og ákveðið hlutfall er fullnægjandi.

Ég hafna varanlegri efnisgerð. Ekkert er varanlegt, ekki heldur viðhorf.

Ég forðast tilfinningalega nálgun við verkin, fingraför, nudd, hnoð, og hafna persónulegri tjáningu.

Litir eru mjög mikilvægir, þess vegna nota ég mjög lítið af þeim.

Listamenn hafa ábyrgð.

My entire standpoint is shaped by a tangible environment.

All material has a legitimate role.

All colours and forms have a direct allusion to reality, where their origins lie.

My works are composed of ready-made units of material which refer only to their own properties and reality.

Form and arrangement are determined by my ideas about such materials. Repetition adds emphasis and a certain amount is sufficient.

I reject the making of permanent materials; nothing is permanent, not even a standpoint.

I avoid emotional contact with the work, fingerprints, rubbing and moulding, and reject personal expression.

Colours are very important, which is why I use them very sparingly.

Artists bear responsibility.

Hvitt, Hvitt / White, White  
Hvít innanhúsmálning / White interior paint 1991





An titils / Untitled  
Hefluð fura / Planed pine 1991



Án titils / Untitled

Krossviður, limband / Plywood, painters' tape 1991






Án titils / Untitled

Hnoðkitti mótað með fótubotni / Putty shaped by the bottom of a can. 1991



Án titils / Untitled  
Gangstéttarheillur / Paving stone 1991




Tvöföld einangrun / Double insulation  
Einangrunarplast, M.D.F. plötur / Plastic insulation, MDF panels 1991



Án titils / Untitled  
Laufgrænt Hörpusilki / Leafgreen interior paint 1991





# ÍVAR VALGARÐSSON

Fæddur á Akranesi 1954

## Nám:

- 1971-74 Myndlista- og handiðaskóli Íslands  
1976-79 Striching de Vrije Academie, den Haag, Holland

## Einkasýningar:

- 1991 Gallerí Gangur, Reykjavík  
1991 Kjarvalsstaðir, Reykjavík  
1989 Nýlistasafnið, Reykjavík  
1987 Kjarvalsstaðir, Reykjavík  
1984 Kjarvalsstaðir, Reykjavík  
1983 Nýlistasafnið, Reykjavík  
Gallerí Gangur, Reykjavík  
1980 Ásmundarsalur, Reykjavík  
Gallerí Gangur, Reykjavík

## Samsýningar á Íslandi:

- 1988 Listasafn Íslands, Reykjavík  
1987 Íslensk abstraktlist, Kjarvalsstaðir, Reykjavík  
Nýlistasafnið, Reykjavík  
1984 "Fjörtán listamenn" Nýlistasafnið, Reykjavík

- 1984 Listasafn Íslands, Reykjavík  
1983 Gallerí Gangur, Reykjavík  
1980 Experimental Environment, Korpúlfsstaðir, Reykjavík  
1979 Gallerí SÚM, Reykjavík  
1974, Listahátíð í Reykjavík  
1976, "  
1978, "  
1980 "

## Samsýningar erlendis:

- 1989 Kalundborg, Danmörk  
1988 The Arts Olympics Seoul, Korea  
1987 Small Sculpture Exhibition, Budapest  
"Streif", Kunsthallen Brandts Klædefabrik, Danmörk  
1983 "Cross the Meridan" Museum Fodor, Amsterdam, Holland

*Meningarmálanefnd Reykjavíkur/*

*The Cultural Committee of the City of Reykjavík:*

Hulda Valtýsdóttir, formaður / chairman

Guðrún Erla Geirsdóttir

Ingibjörg Rafnar

Jóna Gróa Sigurðardóttir

Júlíus Hafstein

Gunnsteinn Gislason

Selma Guðmundsdóttir

*Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur/*

*Director of the Reykjavík Municipal Art Museum:*

Gunnar B. Kvaran

*Ljósmyndun:*

Kristján Pétur Guðnason

*Yfirllestur handrita og prófarklestur / Proofreading and editing:*

Aðalsteinn Davíðsson

*Þýðing / Translation:*

Bernard Scudder

*Setning / Typesetting:*

Bragi Halldórsson

*Hönnun sýningarskrár / Catalogue Design:*

Birgir Andrésson

*Styrktaraðilar:*

BYKO

Hellu og Steinsteypan

The Reykjavik Municipal Art Museum  
Kjarvalsstaðir

Listasafn Reykjavíkur  
Kjarvalsstaðir

November - desember 1991